

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 4. júlí 2022

Mál nr. E-746/2012:

Íslandsbanki hf.

(Jón Auðunn Jónsson lögmaður)

gegn

Héðinsreiti ehf.

(Sveinn Jónatansson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var höfðað 10. maí 2012, var dómtekið 7. júní 2022. Stefnandi er Íslandsbanki ehf., vegna útibús 1101, Kirkjusandi 2, Reykjavík. Stefndi er Héðinsreitur ehf., Kringlunni 4-12, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum 928.055.319 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 5. janúar 2012 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum; 676.740.000 krónum hinn 1. febrúar 2016 og 74.797.000 krónum hinn 30. apríl 2018. Þá krefst stefnandi þess að stefnanda verði heimilað að færa dráttarvexti upp á höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2002, í fyrsta skipti 5. janúar 2013. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krafðist þess aðallega að málinu yrði vísað frá dómi. Yrði ekki fallist á kröfu um frávísun krafðist stefndi þess aðallega að hann yrði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda yrðu lækkaðar verulega. Þá var þess krafist að viðurkenndur yrði réttur stefnda til að skuldajafna gagnvart kröfu stefnanda með bótakröfu stefnda að fjárhæð 3.060.000.000 króna á hendur Byr sparisjóði, kt. 610269-2229, sem væri í slitameðferð.

Með úrskurði dómsins 4. febrúar 2013 var frávísunarkröfu stefnda hafnað. Þá var málinu frestað með úrskurði dómsins 7. maí 2013 þar til niðurstaða lægi fyrir í máli nr. X-90/2012 í Héraðsdómi Reykjavíkur og eftir atvikum í Hæstarétti Íslands.

I.

Í stefnu málsins kemur fram að hin umstefnda skuld stefnda sé tilkomin vegna lánsamnings útgefnum 27. nóvember 2007, upphaflega að fjárhæð 600.000.000 króna, sem greiddar hafi verið út í ISK 50%, EUR 30%, CHF 15% og JPY 5% sem skyldi endurgreiðast með einni afborgun 5. janúar 2012.

Lánshlutinn í erlendri mynt skyldi bera breytilega tólf mánaða LIBOR/URIBOR vexti eins og þeir ákvörðuðust fyrir viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni fyrir viðkomandi vaxtatímabil að viðbættu 3,9% vaxtaálagi. Lánshlutinn í íslenskum krónum skyldi bera breytilega tólf mánaða REIBOR vexti að viðbættu 3,5% vaxtaálagi. Vextir skyldu greiðast á lokagjalddaga lánsins 5. janúar 2012.

Vegna óvissu um lögmæti ákvæða lánessamningsins, er lúti að tengingu lánsfjárhæðarinnar við þróun gengis erlendra mynta, hafi krafan verið reiknuð í íslenskum krónum allt frá stofndegi lánessamningsins. Höfuðstóll lánsins beri því almenna vexti Seðlabanka Íslands af óverðtryggðum lánum frá 1. mars 2010 í samræmi við dóma Hæstaréttar um þessi efni.

Krafan sundurliðist þannig:

| | |
|------------------------------|---------------------------|
| Höfuðstóll | 600.000.000 krónur |
| SÍ vextir til 5. janúar 2012 | <u>328.055.319 krónur</u> |
| Samtals | 928.055.319 krónur. |

Stefnandi krafðist þess í stefnu málsins að staðfestur yrði veðréttur hans til tryggingar ofangreindum lánessamningi samkvæmt fyrrgreindum tryggingarbréfum. Krafan væri sett fram til þess að stefnandi gæti boðið upp fasteignina Vesturgötu 64, Reykjavík, fnr. [...], til lúknings stefnukröfunni að svo miklu leyti sem veðtryggingarbréfin tryggðu kröfuna, en stefndi væri ekki þinglýstur eigandi eignarinnar. Í þinghaldi 7. júní 2022 féll stefnandi frá kröfu um staðfestingu veðréttar.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar um skyldu til greiðslu fjárskuldbindinga.

Vaxtakrafa stefnanda er byggð á III. kafla laga nr. 38/2002 um vexti og verðtryggingu, sbr. 10. og 12. gr. laganna.

Krafa um málskostnað er byggð á 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflytningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum.

II.

Í greinargerð stefnda er sýknukrafa byggð á því að stefnandi hefði ekki lagt fram nein gögn því til sönnunar að hann væri kröfuhafi samkvæmt þeim lánessamningi sem hann vísar til né veðhafi samkvæmt þeim tryggingarbréfum sem hann byggði kröfur sínar á. Því bæri að sýkna stefnda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Yrði ekki fallist á sýknu vegna aðildarskorts byggði stefndi á því að stefnukrafan hefði verið greidd að fullu með skuldajöfnun sem lýst hefði verið yfir í kröfulýsingu í slitabú Byrs 13. október 2010. Skuldajöfnun fælist nánar tiltekið í skuldajöfnun með skaðabótakröfu stefnda á hendur Byr að fjárhæð 3.060 milljónir króna gagnvart kröfu Byrs samkvæmt lánessamningi þeim sem stefnandi byggir kröfur sínar á í máli þessu. Krafan væri tilkomin vegna tjóns sem stefndi hafi orðið fyrir vegna stórfelldra vanefnda Byrs á fjármögnunarsamningi þeim sem aðilar gerðu með sér 9. október 2007. Hæstiréttur hefði viðurkennt bótaskyldu Byrs vegna vanefndanna, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 87/2011. Stefnda og Byr greindi hins vegar á um fjárhæð þess tjóns sem stefndi hefði orðið fyrir vegna hinnar ólögmætu riftunar Byrs. Mál vegna þess ágreinings væri rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Tjón stefnanda fælist fyrst og fremst í tvennu. Annars vegar kostnaði vegna tafa sem hafi orðið á því að verk hæfist og að niðurstaða fengist í ágreiningsmálum aðila varðandi bótaskyldu og bótafjárhæð. Hins vegar í missi þess hagnaðar sem ljóst hafi verið að yrði af verkinu. Jafnframt byggðist bótakrafan á því að hin ólögmæta riftun hefði valdið tjóni á viðskiptavild stefnda.

Varakrafa stefnda var byggð á því að yrði það niðurstaða héraðsdóms í máli því sem rekið væri gegn Byr að tjón stefnda hafi verið lægra en sem nemi stefnukröfu máls þess þá verði krafa stefnanda lækkuð sem nemur fjárhæð þeirrar kröfu sem stefnda kunnir að verða dæmd í máli því sem nú sé rekið gegn slitastjórn Byrs fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur eða eftir atvikum af Hæstarétti Íslands.

Varðandi heimild til þess að gera skuldajöfnunarkröfu er vísað til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, þar sem heimilað sé að hafa uppi gagnkröfu til skuldajöfnunar án þess að gagnstefna ef skilyrði skuldajöfnunar eru fyrir hendi.

Þar sem niðurstaðan í máli nr. X-90/2012 skipti verulegu máli um úrslit máls þessa krafðist stefndi þess í greinargerð sinni, með vísan til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, að málinu yrði frestað þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir í því máli, eða eftir atvikum dómur Hæstaréttar.

III.

Undir rekstri máls þessa hafa verið lögð fram gögn til staðfestingar því að stefnandi er kröfuhafi samkvæmt þeim lánessamningi sem hann vísar til. Er því hafnað sýknukröfu stefnda á grundvelli aðildarskorts.

Eins og rakið hefur verið var máli þessu frestað þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir í máli nr. X-90/2012 í Héraðsdómi Reykjavíkur, enda skipti niðurstaðan verulegu máli um úrslit málsins. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 2012 í málinu nr. X-90/2012 var krafa stefnda að fjárhæð 2.580.868.079 krónur viðurkennd í réttindaröð samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Að auki var viðurkennt að dráttarvextir hefðu fallið á kröfuna frá 2. júlí 2010 til greiðsludags sem nyti stöðu samkvæmt 1. tölulið 114. gr. sömu laga. Einnig var viðurkenndur réttur stefnda

til að nýta þessa fjármuni til skuldajöfnunar við allar kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila. Úrskurður héraðsdóms í máli nr. X-90/2012 var kærður til Landsréttar. Með úrskurði Landsréttar 24. febrúar 2021 í máli nr. 224/2021 var hins vegar hafnað kröfum sem stefndi lýsti 13. október 2010 við slit Gamla Byrs ses. Þá var hinn 26. apríl 2022 hafnað umsókn stefnda um leyfi til að kæra úrskurð Landsréttar í máli nr. 224/2021 til Hæstaréttar Íslands. Í þinghaldi 7. júní 2022 kom fram af hálfu stefnda að að gengnum úrskurði Landsréttar í málinu nr. 224/2021 sæi stefndi sér ekki fært að halda uppi vörnum í málinu á grundvelli þess að krafa stefnanda hafi verið greidd með skuldajöfnun. Fengist landsréttarmál nr. 224/2021 endurupptekið og fallist yrði á skaðabótakröfu stefnda og skuldajöfnunarrétt hans þá áskildi stefndi sér hins vegar allan rétt á hendur stefnanda, þ. á m. til þess að krefjast endurgreiðslu á þeim greiðslum sem stefnandi hefur fengið greiddar upp í kröfuna í máli þessu með því annars vegar að taka sér innstæðu af bankareikningi stefnda hjá stefnanda, Íslandsbanka hf., nr. [...], og hins vegar greiðslu frá sýslumanninum í Reykjavík af uppboðsandvirði fasteignarinnar Vesturgötu 64, Reykjavík.

Með vísan til alls framangreinds, einkum lykta máls vegna skuldajöfnunarkröfu stefnda, ber að fallast á dómkröfur stefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er litið til þess að málið var þingfest 23. maí 2012 og var þá frestað til 27. júní 2012 til framlagningar greinargerðar stefnda. Stefnda var veittur viðbótarfrestur til 5. september og aftur 26. september 2012, en stefndi skilaði þá greinargerð og málið fór til dómstjóra til úthlutunar. Dómari tók málið fyrir 7. nóvember 2012 og var munnlegur málflutningur ákveðinn 27. nóvember 2012 en var frestað utan réttar til 9. janúar 2013. Með úrskurði 4. febrúar 2013 var frávísunarkröfu stefnda hafnað. Málið var tekið fyrir 28. febrúar 2013 og málinu frestað til munnlegs málflutnings um kröfu stefnda að málinu yrði frestað vegna annars máls sem rekið var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Málflutningur fór fram 11. apríl 2013 og úrskurður var kveðinn upp 7. maí 2013 þar sem fallist var á kröfu stefnda um að málinu yrði frestað og var það gert ótiltekið. Málið var loks tekið fyrir 10. maí 2022 þar sem lagður var fram úrskurður Landsréttar frá 24. febrúar 2022 í máli nr. 224/2021 og bréf Hæstaréttar 26. apríl 2022 ásamt ákvörðun vegna málskotsbeiðni nr. 2022-27. Málinu var frestað til 7. júní 2022 og var þá dómtekið. Að öllu þessu virtu og umfangi þess máls sem hér er til úrlausnar er málskostnaður hæfilega ákveðinn 1.500.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Héðinsreitir ehf., greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., 928.055.319 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 5. janúar 2012 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum; 676.740.000 krónum hinn 1. febrúar 2016 og 74.797.000 krónum hinn 30. apríl 2018. Þá er stefnanda heimilað að færa dráttarvexti upp á höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2002, í fyrsta skipti 5. janúar 2013.

Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Sandra Baldvinsdóttir